

## Viðræðunefnd um mögulega sameiningu sveitarfélaga

5. fundar í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn í Þórsveri mánudaginn 13. september 2021 kl. 16.00

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Miriam Blekkenhorst formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmaður.

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Ragnar Skúlason hreppsnefndarmaður og Einar Guðmundur Þorláksson hreppsnefndarmaður.

Róbert Ragnarsson RR ráðgjöf var í fjarfundarsambandi.

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

#### 1. Tillaga um jarðir í eigu sveitarfélaganna

Róbert Ragnarsson fór yfir tillögu á minnisblaði, dags. 2. september 2021, um mögulegt eignarform jarða í eigu hins sameinaða sveitarfélags, ef af sameiningu verður. Þar er lagt til að skoðaður verði möguleiki á sjálfseignarfélagi sem færi með eignarhald á jörðum eða jarðahlutum sem yrðu í eigu hins sameinaða sveitarfélags, sem eru alls átta.

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin samþykkir að fela RR ráðgjöf að útfæra framlagða tillögu nánar, og tillögu um sérstakan sjóð sem yrði síðan kynnt íbúum sveitarfélaganna með sérstökum fundum, ásamt skýrslu um fjárhagslegan samanburð og hugmyndum að mögulegu sameiningarferli sveitarfélaganna tveggja í samræmi við umræður á fundinum. Ákveðið að halda íbúafundi miðvikudaginn 6. október í báðum sveitarfélögum. Eftir íbúafundi verður tekin ákvörðun um formlegar viðræður um sameiningu á næstu reglulegu fundum sveitarstjórnanna.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 17:15.